

35. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss –

13. maí kl. 8:15 í ráðhúsinu

Fundinn sátu; Eyrún Fríða Árnadóttir, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Hjördís Edda Olgeirsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Kynningafundur í Grunnskóla Hornafjarðar var 12. maí. Góð mæting var á fundinn og er nokkrar umræður sköpuðust.
2. Stefnt er að kynningu með starfsfólki íþróttamiðstöðvarinnar sem fyrst.
3. Í svari við fyrirspurn frá fimleikasambandinu um hvort það sé í lagi að nemendur noti fimleikasalinn í frímínútum kom fram að slíkt væri ekki æskilegt vegna slyshættu.
4. Ákvörðun um staðsetningu. Á síðast bæjarstjórnarfundum var kallað eftir skýrri ákvörðun um val á staðsetningu íþróttahússins.

Eyrún Fríða Árnadóttir lagði fram eftirfarandi bókun og óskaði eftir að henni yrði vísað til bæjarstjórnar:

Í samræmi við niðurstöður stýrihópsins, þá þarfagreiningu sem hefur verið unnin síðustu ár og í samræmi við gildandi skipulag leggur stýrihópurinn til við bæjarstjórn að samþykkt verði að fara í framkvæmd á nýju íþróttahúsi við Víkurbraut. Í fyrsta áfanga verði farið í lagningu gervigrass, breytingu á núverandi íþróttahúsi til að mæta þörfum fimleikadeildarinnar, sem og í byggingu íþróttahúss.

Einnig leggur stýrihópurinn til við bæjarstjórn, að bæjarstjórn feli stýrihópnum að kanna með hvaða rekstrarfyrirkomulagi væri hagkvæmast að standa að framkvæmdinni.

Bókunin lögð fram til atkvæðagreiðslu. Hjördís Edda Olgeirsdóttir og Eyrún Fríða Árnadóttir samþykktu tillöguna en Björgvin Ó Sigurjónsson sat hjá og lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi B-lista hagnar að viðbygging við núverandi íþróttahús hafi ekki verið tekin til skoðunar út frá sömu forsendum og unnið var með varðandi stakstætt hús. Enda eiga rök fulltrúans með viðbyggingu við núverandi íþróttahús, sem áður hafa komið fram í ræðu og riti, enn þá við. Þannig hefði verið hægt að bera betur saman kosti og galla hvorrar staðsetningar fyrir sig og taka upplýsta ákvörðun úr frá samanburðarhæfum gögnum.

5. Fram kom að Sigurjón Andrússon bæjarstjóri hefur óskað eftir því að KPMG kanni kosti og galla mismunandi rekstrarfyrirkomulags við byggingu íþróttahússins. Gögnin verða lögð fyrir stýrihópinn þegar þau berast.